

Erlendir ferðamenn 2012

heildarupplifun af 6 stöðum

*Reykjanesvita, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli,
Landmannalaugum, Skógafossi, Geysi, Þingvöllum*



Erlendir ferðamenn 2012

heildarupplifun af 6 stöðum

*Reykjanesvita, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli,
Landmannalaugum, Skógafossi, Geysir, Þingvöllum*



Ferðamenn á Þingvöllum



Samantekt unnin fyrir Ferðamálastofu

nóvember 2012

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf

Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson

Forsíðumynd: Frá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Efnisyfirlit

	Samantekt	1
1.0	Inngangur	2
1.1	Könnunin	2
1.2	Úrvinnsla	3
2.0	Ferðamenn á staðina og upplifun þeirra	4
2.1	Hlutfall gesta á staðina	4
2.2	Heildarupplifun af stöðunum	5

Samantekt

Erlendir brottfarargestir frá Leifsstöð í ágúst og september 2012 voru alls um 180.000; þar af um 115.000 í ágúst og 65.000 í september.¹

Reykjanesviti

- Þangað komu 13% þátttakenda í ágúst og 8% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 7,1

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

- Þangað komu 24% þátttakenda í ágúst og 12% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 8,6

Landmannalaugar

- Þangað komu 24% þátttakenda í ágúst og 8% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 8,7

Skógafoss

- Þangað komu 49% þátttakenda í ágúst og 32% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 8,5

Geysir

- Þangað komu 82% þátttakenda í ágúst og 76% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 8,3

Þingvellir

- Þangað komu 74% þátttakenda í ágúst og 57% í september.
- Meðaleinkunn upplifunar: 8,3

Gestir í september gáfu stöðunum í öllum tilvikum heldur hærra einkunn upplifunar en gestir í ágúst og konur almennt heldur hærra einkunn en karlar.

Gestir að Þingvöllum voru að jafnaði elstir (41 ára) en yngstir að Landmannalaugum (35 ára).

¹. Heimild: <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/503>

1.0 Inngangur

1.1 Könnunin

Í þessari greinargerð, sem unnin er fyrir Ferðamálastofu, er stuðst við könnunina *Dear Visitors* sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) hafa framkvæmt meðal erlendra brottfarargesta í Leifsstöð nær stöðugt frá janúar 2004, allan ársins hring. Könnunin er einnig lög fyrir ferðamenn með Norrænu á Seyðisfirði. Í ágúst og september var í Leifsstöð spurt um heildarupplifun ferðamanna af sex stöðum og þeir beðnir um að gefa henni einkunn á bilinu 1-10 (10 er hæsta einkunn). Þeir staðir eru: Reykjanesviti, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Landmannalaugar, Skógafoss, Geysir og Þingvellir.

Könnunin var lögð fyrir á sex tungumálum: ensku, norsku, þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku. Spurningin fyrir Ferðamálastofu var þessi (enska útgáfan):

IF you visited any of the following sites: How would you rate your overall experience of the sites on a scale from 1-10 (10 is best)? *Rate as many as apply.*

	Rate 1-10		Rate 1-10
Thingvellir	_____	Skógafoss	_____
Geysir	_____	Snæfellsjökull national park	_____
Reykjanes lighthouse	_____	Landmannalaugar	_____

Alls fengust 648 gild svör við könnuninni á þessu tveggja mánaða tímabili, þar af 403 svör í ágúst og 245 svör í september.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu könnunarinnar er lög áhersla á að áætla hlutfall erlendra gesta sem heimsóttu þá staði og svæði sem um er fjallað um og síðan greina frá upplifun þeirra af stöðunum. Jafnframt er hlutfall gesta að hverjum greint nokkru nánar eftir aldri og búsetu (markaðssvæðum).

Ferðamenn eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum. Gestir með búsetu utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *önnur svæði*.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Austurríki og Sviss..
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn o.fl.
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í þessari samantekt er þýðið allir erlendir gestir sem fóru frá Íslandi í ágúst og september 2012. Þeir voru alls um 180.000 samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Leifsstöð.² Þar af fóru um 115.000 úr landi í ágúst en 65.000 í september.

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1

Sem dæmi má taka að ef 70% svarenda í *Dear Visitors* í ágúst-september 2012 kváðust hafa komið á einn af þeim stöðum sem spurt var um þá verður frávikmið frá gefnu hlutfalli +/- 3,8% miðað við 600 svarendur. Ef 10% hefðu komið á staðinn verður frávikmið hins vegar +/- 2,4%. Þessa tölfræði er rétt að hafa í huga við lestur niðurstaðna.


². Heimild: <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/503>

2.0 Ferðamenn á staðina og upplifun þeirra

2.1 Hlutfall gesta á staðina

Flestir þeirra sem tóku þátt í könnuninni höfðu komið að Geysi í Íslandsferðinni en síðan að Þingvöllum og Skógafossi. Í ágúst fór sama hlutfall ferðamanna í Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og Landmannalaugar en Þjóðgarðurinn hafði vinninginn í september. Fæstir komu að Reykjanesvita. Mynd 3.1. sýnir þetta betur.

Mynd 2.1 Hlutfall erlendra ferðamanna að stöðunum í ágúst og september 2012



Meðalaldur þátttakenda í könnuninni var rétt um 40 ár. Talsverður munur var á meðalaldri þeirra sem komu á staðina. Þannig var meðalaldur gesta að Þingvöllum hæstur, eða 41,4 ár en 39,6-40,5 ár að Geysi, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og Reykjanesvita. Hins vegar var meðalaldur gesta að Skógafossi um 36 ár og gesta í Landmannalaugum að jafnaði 35 ár.

Það var síðan býsna misjafnt hve stór hluti gesta frá mismundandi markaðssvæðum heimsóttu staðina. Þannig fóru gestir frá Mið-Evrópu, Benelux löndunum og Suður-Evrópu margfalt frekar í Landmannalaugar á könnunartímabilinu (28-36%) en gestir frá öðrum markaðssvæðum (3-7%). Sviðuð markaðssvæðaskipting var á gestum að Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, þó þar hafi munurinn hafi verið nokkru minni en í Landmannalaugum. Yfirleitt fóru Norðurlandabúar síst á þá staði sem hér er fjallað um af íbúum helstu markaðssvæða okkar (sjá skilgreiningu á markaðssvæðunum í töflu 1.1).

Þeir sem nýttu sér bílaleigubíla fóru í öllum tilvikum fremur í heimsókn á staðina en *hinir* sem nýttu önnur farartæki. Sem dæmi má nefna þá fóru um 88% þeirra sem voru á bíleigubíl að Geysi en 70% þeirra sem ekki notuðu bílaleigubíl. Þá fóru 28% bílaleigufólks að Snæfellsjökli en einungis 9% annarra.


2.2 Heildarupplifun af stöðunum



Tjaldgestir í Landmannalaugum.

Ekki munaði miklu á upplifunareinkunn staðanna, en Landmannalaugar og Snæfellsjökull skoruðu þó hæst, þá Skógafoss, en Þingvellir og Geysir fylgdu þétt í kjölfarið. Reykjanesviti rak lestina.

Mynd 2.2 Meðaleinkunn upplifunar erlendra ferðamanna að stöðunum í ágúst og september 2012



Svo sem sjá má gáfu septembargestir upplifun sinni af stöðunum í öllum tilvikum nokkru eða talsvert hærri einkunn en ágústgestir. Ekki er gott að segja hvað veldur. Vera kann að þar spili inn í að þá eru færri aðrir ferðamenn á stöðunum og minni neikvæð áhrif en þegar fjöldinn er meiri. Áhugavert væri að kanna þetta nánar.

Konur gáfu stöðunum í öllum tilvikum lítillega hærri einkunn en karlar. Mestur var munurinn í Landmannalaugum.



Við Valahnúk neðan Reykjanesvita.

Á næstu mynd eru einkunnirnar sem þátttakendur gáfu flokkaðar sem hér greinir:

9-10 = frábær upplifun

7-8 = góð

5-6 = sæmilegt

1-4 = slök

Niðurstaðan var sú að 64% gesta töldu reynsluna af Landmannalaugum vera frábæra, 56% töldu svo vera með Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og 53% varðandi Skógafoss. Þá gáfu 46% Geysi frábæra dóma og 42% Þingvöllum. Hins vegar töldu einungis 21% að upplifunin af Reykjanesvita hefði verið frábær. Stór hluti (25-49%) taldi síðan upplifunina af stöðunum vera góða (einkunn 7 eða 8) en 5-23% kváðu hana sæmilega, síst gestir að Þjóðgarðinum Snæfellsjökli en helst ferðamenn að Reykjanesvita. Enginn taldi upplifunina af Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Þingvöllum eða Landmannalaugum vera slaka, einungis 1-2% gesta að Skógafossi og Geysi en 12% gesta að Reykjanesvita.

Mynd 2.3 Flokkuð einkunn upplifunar erlendra ferðamanna að stöðunum í ágúst og september 2012

